223. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á Biskupsstofu við Borgartún 26 í Reykjavík

Fimmtudaginn 9. apríl 2026.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Ingvar Stefánsson fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjuþings og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Gestir fundar voru: Guðrún Karls Helgudóttir biskup Íslands, Elín Hirst, Kristján Valur Ingólfsson, Kári Stefánsson og Halldór Hilmisson.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 11:15.*
2. *Fundargerð 222. fundar lögð fram til samþykktar*. Fundargerð samþykkt.
3. *Breyting á reglum Kirkjugarða Reykjavíkur*. Dómsmálaráðuneyti óskaði eftir umsögn kirkjugarðaráðs um breytingar á reglum fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma nr. 775/2015, reglum um stærð og frágang minnismerkja í umdæmi kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma nr. 892/2009 og reglum um umgengni í kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma nr. 810/2000. Ingvar fór yfir þær breytingar sem lagðar eru til. M.a. eru reglurnar sameinaðar í eitt skjal undir heitinu reglur fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og hefur eitt og annað verið snurfusað. Meðal helstu breytinga er að hundar í taumi verða leyfðir í kirkjugörðum, en rafmagnshlaupahjól og flygildi bönnuð. Tekinn var út fastur opnunartími og hámarkshæð legsteina lækkuð. Til umræðu kom í ráðinu hvort bæta mætti við reglurnar tímamörkum vegna niðursetningar varanlegra legsteina, annað hvort tímaramma eða að varanlegir legsteinar verði ekki settir niður fyrr en leiði sé að fullu sigið og frágengið. Einnig var bent á að bæta þarf við í 4. og 6. gr. að fulltrúi sé kosinn af sóknarnefndum „innan prófastsdæmisins“, en þá afmörkun vantaði. Breytingar voru annars samþykktar og afgreiddar athugasemdalaust. Regludrögin þurfa ekki að koma aftur fyrir ráðið.
4. *Erindi varðandi þjóðargrafreitinn á Þingvöllum.* Hópur sem stendur að verkefni sem varðar þjóðargrafreitinn á Þingvöllum sat þennan fundarlið ásamt biskupi Íslands. Elín Hirst kynnti verkefnið fyrir hönd hópsins. Erindi vegna þessa mun verða sent kirkjugarðaráði í kjölfar fundarins.
5. *Önnur mál.* 1) Rætt var mál sem varðar ósk um jarðsetningu ættingja í eldra leiði og í hvaða farveg málið ætti að fara. 2) Rætt var um annað mál þar sem ósætti hefur skapast meðal aðstandenda um greftrun einstaklings við hlið maka hans og um ákvarðanatöku í slíkum málum. 3) Ágústa kynnti fyrirhugaðan fund sinn næstkomandi sunnudag með fulltrúum Húnavatns- og

Skagafjarðarprófastsdæmis þar sem rætt verður um málefni kirkjugarða. 4) Ágústa upplýsti að hún hafi haft samband við island.is og óskað eftir að hægt verði að sækja um bálför í gegnum gáttina með rafrænum skilríkjum. 5) Loks kynnti Ágústa að hún og Jóhannes Finnur Halldórsson vinni nú að legstaðaskrá heimagrafreita í landinu og að þau gögn verði aðgengileg sem sérhluti á vefnum gardur.is.

6. *Næsti fundur.* Fundað verður þriðjudaginn 26. maí 2026 kl. 10:00 á Biskupsstofu í Borgartúni 26.

Fundi var slitið kl. 13:00